

Nei.

DAGBLAÐ ÍRÍKISJOPPUNNAR. nr. 5 MÁN 20. okt. 2008.

GÆSLAN Íslenskur almenningur, einkum þeir sem keyptu sjónvarpstæki og leikföng, svo ekki sé minnst á íbúðir og bíla; seðlabankar annarra landa; Gordon Brown; Danir – um helgina bættist svo á lista þeirra sem má líta á sem ábyrga fyrir kreppunni heil kynslóð íslenskra tónlistarmanna og náttúruverndarsinnar. Morgunblaðið benti á sök þessara, en gætti sín að öðru leyti á því að taka ekki þátt í „normaveiðum“ þeirra sem skella skuldinni á kapitalist-ma. ■ Þá er tekið að spyrjast til breytinga í kjölfar sameiningar Fréttablaðs og Morgunblaðs hjá einum útgefanda, en spurningar hafa vaknað um hvernig útgáfan hyggst takast á við þá lýðræðislegu áskorun að tvö stærstu dagblöð landsins séu nú á einni hendi. Fyrstu breytingarnar sem Nei. hefur borist til eyrna er að Lesbók Morgunblaðsins mun skera niður í birtingu aðsendra greina og reiða sig nær alveg á starfsmenn útgáfunnar.

SAMÚÐ MEÐ ÍSLENDINGUM

Við notuðum tækifærið á meðan ekkert er að fréttastofa og heyrðum hljóðið í vinum okkar í útlöndum. Ungur íslenskur rithöfundur lagði tímabundið traust á íslenska mótmælendur, enda hefur hann séð skipuleg mótmæli reynast vel annars staðar: „Tælendingar - grímuðu dósa-tínurnar sem Íslendingar hlæja að úr taxabíðröðum - kunna að mótmæla, þeir taka sér hlé í vinnunni, umkringja ráðuneytin, stofnanirnar þar sem feitustu grísirnir hafa svínað á þeim, setjast í götuna í hundruða-þúsundatali, drekka te og gera ekki neitt þar til skipt hefur verið um stjórnvöld.“ Og Íslendingar? „Ég veit ekki hvort fólk á Íslandi hefur ennþá skilið vandann. Fréttaflytningur af Íslandi erlendis þykir mér tiltölulega raunsær, og ég fæ meil frá fólki í Tævan og Ungverjalandi sem spyr hvort ég þurfi hjálp (yfir í matarhjálp, nótabene) hvort sé í lagi með fjölskylduna. Lítill, kolsvartur innflytjandi á kebab-stað í Kanada andvarpaði Guð minn almáttugur þegar ég sagðist vera frá Íslandi, lét mig hafa afslátt - ég reyndi að neita en fylltist einhverju máttleysi og undrun (hið svokallaða „íslenska móment“). Þáði afsláttinn.“

EKKERT AÐ FRÉTTA



KREPPUTJÚTTIÐ

SKÓFLUSTUNGUHORN ALÞINGIS VÍGT
Austurvelli, Mánudaginn 20. Október kl. 12:30

„Nú þegar þrengir að í efnahagsmálum vill þjóðin sjá alvöru úrræði. Góður Alþingismaður þekkir og skilur þjóð sína og veit hvers konar lausnir hún þarfnast. Skóflustungur að nýjum arðbærum verkefnum hafa alltaf fallið í góðan jarðveg og leitt af sér verulega innspýtingu í atvinnu- og efnahagslífið. Djörf skóflustunga er góð lausn! En góð og árangursrík skóflugstunga krefst kunnáttu, vandvirkni og sjálfsöryggis. Hver og einn hefur sinn eigin stungustíl og því er um að gera að taka nokkrar æfingaskóflur til undirbúnings fyrir næstu stungu. Æfingin skapar jú meistarann. Skóflustunguhorn Alþingis er ætlað Alþingismönnum og verðandi ráðherrum sem vilja þjóð sinni allt það besta. Og þér er boðið!“

Íslenskir fjölmiðlar gæta þess að enginn trufla slökkvilið að störfum. „Hér er ekkert að fréttastofa, farið frá!“ hrópaði blaðamaðurinn á myndinni, en ljósmyndari Nei. náði þó að smella af einni mynd – í bakgrunni má sjá meðlim ríkisstjórnarinnar æfa sig í að hoppa yfir ástandið.

VEÐRIÐ: DRUFUM »»» FARIÐ FRÁ! »»» ÞÍNIR PENINGAR »»» FARÐU FRÁ »»» OPINBERT HNEYKSLI »»» EKKI ST

dagbladi@nei.com